

158. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 12.12.2023 kl. 16.30

Mættir: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Hulda Kristjánsdóttir ritari, Halldóra S. Sveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson og Magðalena Jónsdóttir sem tengdist fundinum í gegnum Teams. Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Rekstraráætlun 2024

Eyjólfur fór yfir rekstraráætlun 2024. Gert ráð fyrir tapi á yfirstandandi ári. Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur verði um 182.550.000 kr. og áætluð gjöld eru 185.680.000 kr. og því gert ráð fyrir að tap ásins án fjármagnsliða verði um 3 milljónir.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að starfsmenn Fræðslunetsins væru að skoða möguleika á því að auka tekjur og verður þeirri vinnu haldið áfram.

Stjórn samþykkir framlagða rekstraráætlun fyrir árið 2024.

2. Sameiningarmál

Fyrir liggur samantekt á upplýsingum vegna umræðu um sameiningu Háskólafélagsins og Fræðslunetsins sem framkvæmdastjóri Fræðslunetsins tók saman að beiðni stjórnar.

Farið var yfir mismunandi þætti; mannauð, markhópa, stefnur félaganna, eigendur og gerð, sameiginleg verkefni, útivistun, hugbúnað og rekstur. Að lokum farið yfir mögulegar sameiningarleiðir og kosti og galla mismunandi möguleika.

Stjórn ákveður að fresta frekari umræðu um sameiningarmál til næsta fundar.

3. Önnur mál

Ekki hefur fengist svar frá Sveitarfélaginu Mýrdalshreppi varðandi möguleikann á sameiginlegum starfsmanni þar. Framkvæmdastjóri heldur áfram að vinna að málinu.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:00

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð